

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 16. maí 1994.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 117. löggjafarþings, frá 11. maí 1994 eða síðar, ef nauðsyn krefur, enda verði þingið saman kvatt til fundar á ný eigi síðar en 17. júní 1994.

Gjört á Bessastöðum, 11. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.